

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/34

frá 22. júlí 2003

um breytingu á ákvörðun 2002/79/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 2602)

(2003/550/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

að höfðu samráði við aðildarríkin,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB frá 4. febrúar 2002 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/678/EB ⁽³⁾, er kveðið á um endurskoðun þeirrar ákvörðunar eigi síðar en 31. desember 2002.
- 2) Niðurstöður úr slembisýnatöku og greiningu úr sendingum af jarðhnetum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, sýna að það er áfram þörf fyrir þau sérstöku skilyrði, sem sett eru fram í ákvörðun 2002/79/EB, til að veita nægilega vernd með tilliti til lýðheilsu í Bandalaginu.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽⁴⁾ er kveðið á um að taka skuli upp hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður (RASFF).
- 4) Í þágu lýðheilsu skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skýrslur, sem eru gerðar reglulega, yfir allar greiningarniðurstöður úr opinberu eftirliti með sendingum af jarðhnetum og afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan. Slík skýrslugjöf skal vera til viðbótar tilkynninga-skyldunni samkvæmt hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður.

5) Að beiðni tiltekinna aðildarríkja er rétt að uppfæra skrána yfir komustaði, þar sem flytja má vörur, sem falla undir ákvörðun 2002/79/EB, inn í Bandalagið. Til glöggvunar skal ný skrá koma í hennar stað.

6) Breyta ber ákvörðun 2002/79/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2002/79/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„5. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu taka slembisýni úr sendingum af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan og greina þau með tilliti til aflatoxíns B1 og heildarinnihalds aflatoxína.

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni skýrslu þriðja hvern mánuð yfir allar greiningarniðurstöður úr opinberu eftirliti með sendingum af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan. Skýrslan skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs (*).

(*) Apríl, júlí, október, janúar.“

b) Ákvæðum 6. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

í lok annars málsliðar komi „í mesta lagi ... í 15 vinnudaga“ í stað „í mesta lagi ... í 10 vinnudaga“.

c) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við:

„7. Þegar sendingu er skipt skulu afrit af heilbrigðisvottorði og fylgiskjölum, sem um getur í 1. og 6. mgr., sem vottuð eru af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem skiptingin hefur átt sér stað, fylgja hverjum hluta skiptu sendingarinnar.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 34, 5.2.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

2. gr.

„2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Þessa ákvörðun skal hafa í stöðugri endurskoðun í ljósi upplýsinga og ábyrgða frá lögbærum yfirvöldum í Kína og á grundvelli niðurstaðna úr prófunum, sem eru gerðar í aðildarríkjunum í því skyni að meta hvort þau sérstöku skilyrði, sem sett eru fram í 1. gr., veiti nægilega vernd með tilliti til lýðheilsu í Bandalaginu. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort áfram sé þörf fyrir þessi sérstöku skilyrði.“

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

3. Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Bandalagið sendingar af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan

Aðildarríki	Komustaður
Belgía	Antwerpen, Zeebrugge, Brussel/Bruxelles, Aalst
Danmörk	Allar danskar hafnir og flugvellir
Þýskaland	HZA Lörrach — ZA Weil-am-Rhein-Autobahn, HZA Stuttgart — ZA Flughafen, HZA München — ZA München-Flughafen, HZA Hof-Schirnding-Landstraße, HZA Weiden — ZA Furth-im-Wald-Schafberg, HZA Weiden — ZA Waidhaus-Autobahn, Bezirksamt Reinickendorf von Berlin, Abteilung Finanzen, Wirtschaft und Kultur, Veterinär- und Lebensmittelaufsichtsamt, Grenzkontrollstelle, HZA Frankfurt (Oder) — ZA Autobahn, HZA Cottbus — ZA Forst-Autobahn, HZA Bremen — ZA Neustädter Hafen, HZA Bremen — ZA Bremerhaven, HZA Hamburg-Hafen — ZA Waltershof, HZA Hamburg-Stadt, HZA Itzehoe — ZA Hamburg-Flughafen, HZA Frankfurtam-Main-Flughafen, HZA Braunschweig-Abfertigungsstelle, HZA Hannover-Abfertigungsstelle, HZA Oldenburg — ZA Stade, HZA Dresden — ZA Dresden-Friedrichstadt, HZA Pirna — ZA Altenberg, HZA Löbau — ZA Ludwigsdorf-Autobahn, HZA Koblenz — ZA Hahn-Flughafen, HZA Oldenburg — ZA Wilhelmshaven, HZA Bielefeld — ZA Eckendorfer-Straße-Bielefeld, HZA Erfurt — ZA Eisenach, HZA Potsdam — ZA Ludwigsfelde, HZA Potsdam — ZA Berlin-Flughafen-Schönefeld, HZA Augsburg — ZA Memmingen, HZA Ulm — ZA Ulm (Donautal), HZA Karlsruhe — ZA Karlsruhe, HZA Berlin — ZA Dreilinden, HZA Gießen — ZA Gießen, HZA Gießen — ZA Marburg, HZA Singen — ZA Bahnhof, HZA Lörrach — ZA Weil-am-Rhein-Schusterinsel, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe-Abfertigungsstelle-Billbrook, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe-Abfertigungsstelle-Großmarkt, HZA Potsdam — ZA Berlin-Flughafen-Schönefeld, HZA Düsseldorf — ZA Düsseldorf-Nord
Grikkland	Athina, Pireas, Elefsis, Aerodromio ton Athinon, Thessaloniki, Volos, Patra, Iraklion tis Kritis, Aerodromio tis Kritis, Euzoni, Idomeni, Ormenio, Kipi, Kakavia, Niki, Promahonas, Pithio, Igoumenitsa, Kristalopigi
Spánn	Algeciras (Puerto), Alicante (Aeropuerto, Puerto), Almería (Aeropuerto, Puerto), Asturias (Aeropuerto), Barcelona (Aeropuerto, Puerto, Ferrocarril), Bilbao (Aeropuerto, Puerto), Cádiz (Puerto), Cartagena (Puerto), Castellón (Puerto), Ceuta (Puerto), Gijón (Puerto), Huelva (Puerto), Irún (Carretera), La Coruña (Puerto), La Junquera (Carretera), Las Palmas de Gran Canaria (Aeropuerto, Puerto), Madrid (Aeropuerto, Ferrocarril), Málaga (Aeropuerto, Puerto), Marín (Puerto), Melilla (Puerto), Murcia (Ferrocarril), Palma de Mallorca (Aeropuerto, Puerto), Pasajes (Puerto), San Sebastián (Aeropuerto), Santa Cruz de Tenerife (Puerto), Santander (Aeropuerto, Puerto), Santiago de Compostela (Aeropuerto), Sevilla (Aeropuerto, Puerto), Tarragona (Puerto), Tenerife Norte (Aeropuerto), Tenerife Sur (Aeropuerto), Valencia (Aeropuerto, Puerto), Vigo (Aeropuerto, Puerto), Villagarcía (Puerto), Vitoria (Aeropuerto), Zaragoza (Aeropuerto)
Frakkland	Marseille (Bouches-du-Rhône), Le Havre (Seine-Maritime), Rungis MIN (Val-de-Marne), Chassieu CRD (Rhône), Strasbourg CRD (Bas-Rhin), Lille CRD (Nord), Saint-Nazaire-Montoir CRD (Loire-Atlantique), Agen (Lot-et-Garonne), port de la Pointe des Galets à la Réunion
Írland	Dublin — port and airport, Cork — port and airport, Shannon — airport
Ítalía	Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Ancona Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Bari Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Genova Ufficio Sanità Marittima di Livorno Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Napoli Ufficio Sanità Marittima di Ravenna Ufficio Sanità Marittima di Salerno Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Trieste Dogana di Ferneti-Interporto Monrupino (Trieste) Ufficio di Sanità Marittima di La Spezia Ufficio di Sanità Marittima e Aerea di Venezia Ufficio di Sanità Marittima e Aerea di Reggio Calabria

Aðildarríki	Komustaður
Lúxemborg	Centre douanier, Croix de Gasperich, Luxembourg
Holland	Allar hafnir, flugvellir og landamærastöðvar
Austurríki	HZA Feldkirch, HZA Graz, Nickelsdorf, Spielfeld, HZA Wien, ZA Wels, ZA Kledering, ZA Flughafen Wien, HZA Salzburg, ZA Klagenfurt/Zweigstelle Sopron, ZA Karawankentunnel, ZA Villach
Portúgal	Lisboa, Leixões
Finland	Allar finnskar tollstöðvar
Svíþjóð	Göteborg, Ystad, Stockholm, Helsingborg, Karlskrona, Karlshamn, Landvetter, Arlanda
Breska konungsríkið	Belfast, Channel Tunnel Terminal, Dover, Felixstowe, Gatwick Airport, Goole, Grangemouth, Harwich, Heathrow Airport, Heysham, Hull, Immingham, Ipswich, King's Lynn, Leith, Liverpool, London (including Tilbury, Thamesport and Sheerness), Manchester Airport, Manchester Container Port, Manchester (including Ellesmere Port), Medway, Middlesbrough, Newhaven, Poole, Shoreham, Southampton, Stansted Airport